



Verksvið kennsluráðgjafa við grunnskóla Kópavogs

Hlutverk

Kennsluráðgjafi starfar við grunnskóla Kópavogs og er hluti af skólaþjónustu grunnskóladeildar. Skólaþjónustan mótast af heildarsýn á aðstæður og hagsmuni nemenda óháð því hver veitir þjónustuna. Kennsluráðgjafi vinnur í nánu samstarfi nemendur, foreldra, kennara og aðra sem koma að málefnum nemenda.

Kennsluráðgjafi vinnur að stuðningi við starfsfólk skóla sem felst m.a. í athugunum á náms- og félagslegri stöðu nemenda og ráðgjöf vegna kennslu og náms nemenda. Hann veitir jafnframt ráðgjöf um starfsumhverfi og starfshætti skóla og tekur þátt í nýbreytni-og þróunarstarfi.

Kennsluráðgjafi starfar jafnframt í Tröð, skóla- og skammtímaúrræði. Hann vinnur með nemendum, foreldrum og starfsfólki Traðar að bættri líðan og aukinni færni í námi og samskiptum. Kennsluráðgjafi fylgir eftir þeim nemendum sem dvalið hafa í Tröð í sína heimaskóla.

Markmið

Starf kennsluráðgjafa miðar að því að styrkja faglegt starf skólanna þannig að nemendur fái sem best notið sín í námi og fagleg kunnátta kennara og starfsfólks nýtist sem best.

Stjórnun

Kennsluráðgjafi við grunnskóla Kópavogs starfar undir daglegri verkstjórn deildarstjóra og verkefnastjóra skólaþjónustu grunnskóladeildar Menntasviðs og í samvinnu við starfsfólk grunnskólanna.

Starfsfyrirkomulag

Til þess að fá góða innsýn í vinnubrögð, hegðun og líðan nemenda, aflar kennsluráðgjafi upplýsinga m.a. með vettvangsathugunum og samtölum við nemendur, foreldra og starfsfólk. Hann veitir faglega ráðgjöf og stuðning til nemenda, foreldra og starfsmanna skóla að lokinni athugun. Kennsluráðgjafi ráðleggur starfsmönnum skóla um kennslufræðilegar útfærslur og einstaklingsnámskrár. Hann tekur þátt í þverfaglegri teymisvinnu einstakra nemenda og fylgir málum eftir. Kennsluráðgjafi skilar greinagerðum fyrir hvern nemanda til skólans og skólaþjónustunnar.



Kópavogsbær

kopavogur.is